

Bændasamtök Íslands vilja koma eftirfarandi á framfæri vegna tillögu að nýrri byggðaaætlun.

Fyrst ber að geta þess að tillagan sem slík er metnaðarfull og er að mati BÍ á heildina litið ný og jákvæð nálgun fyrir íslenska byggðastefnu. Samtökin telja mikilvægt að tillagan verði afgreidd nú á vörþingi og binda miklar vonir við framgang þeirra verkefna sem í henni felast.

Það hefur þó vitanlega úrslitabýðingu hvort að nauðsynleg fjármögnun fæst á þau verkefni sem lögð eru til. Í sumum verkefnum kemur það skýrt fram, en í öðrum er vísað til viðkomandi ráðuneyta án þess að fram komi tillaga að fjárhæð til viðkomandi verkefna.

BÍ leggja því áherslu á að samhliða afgreiðslu málsins verði nauðsynleg fjármögnun tryggð um leið í fjármálaáætlun og tillögur að upphæðum til einstakra verkefna komi skýrt fram í byggðaaætluninni sjálfri þó að ætlunin verði að fjármagna þau af mismunandi málefnasviðum.

Víða í tillögunni eru skýrir árangursmælikvarðar sem er mjög jákvætt. Skynsamlegt væri að bæta við slíkum mælikvörðum allsstaðar þar sem það er kostur. Það skiptir miklu máli að hægt sé meta árangur einstakra verkefni og þar með stefnunnar í heild. Þá er einnig jákvætt að tryggð er árleg skýrslugjöf til Alþingis um framgang verkefna.

BÍ vilja auk þess benda á eftirfarandi þætti varðandi einstaka kafla og verkefni tillögunnar.

BÍ telja að það þurfi að koma fram sem áskorun í „framτίðarsýn og áskoranir“ að viðhalda matvælaframleiðslu sem víðast um landið, til samræmis við yfirmarkmið kafla C um „að stuðla að sjálfbærri þróun byggða um allt land.“

## Kafli C

Efla þarf verkefnið „Brothættar byggðir“ – ekki einungis halda því áfram.

Vegna punkts um loftslagsbreytingar þá hvetja BÍ stjórnvöld til að horfa einnig til þeirrar skaðsemi sem gengdarlausir flutningar heimshorna á milli hafa á umhverfið, enda þó veikleiki Parísarsáttmálans sé einna helstur að taka ekki á þeim ört vaxandi vanda. Áætlanir um endurheimt votlendis, (sem reyndar er a.m.k. ekki enn framtalsbært í bókhalda Parísarsáttmálans) þurfa auk heldur að byggja á mikið betri grunni en nú er fyrir hendi og taka mið af öðrum markmiðum um sjálfbærni sem m.a. eru nefnd í þessum kafla. Það þarf auðvitað ekki að fresta aðgerðum en samhliða er nauðsynlegt að tryggja framgang rannsókna við að afla betri og ítarlegri gagna.

## Um einstök verkefni

### A.3 Efling rannsókna og vísindastarfsemi

Auk þess að taka undir þau sjónamið sem þarna koma fram þá vísa BÍ til nýsamþykkrar ályktunar Búnaðarþings um málefnið, <http://www.bondi.is/um-bi/bunadarthing/2018/alyktanir/> þar sem lagðar eru fram tillögur um nálgun hvað varðar vísindastarf í landbúnaði.

### B.1 Hraða þrífösun rafmagns

Hér þarf skýrari markmið og hvernig eigi að ná þeim sbr. markmið um Ísland ljóstengt.

### B.2 Flutningskerfi raforku og bætt orkuöryggi

Bent er á það grundvallaratriði að möguleiki sé á tengingu yfir hálandið, það er besta leiðin til þess að tryggja raforkuöryggi og takmarka ónauðsynleg inngrip í búsetusamfélögum. Það má ekki vanmeta mikilvægi þess að með línulögn yfir hálandið er raforkuflutningskerfið styttil muna og þar af leiðandi minnkar umhverfisáhrif á menningar- og búsetulandslag verulega. Það er mikilvægt að huga að ásýnd menningar- og búsetulandslags þar sem fólkið býr og dvelur allt árið um kring og fram fer uppbygging meðal annars á þjónustu við ferðamenn. BÍ vísa í þessu samhengi til umsagnar sinnar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku (179. mál, þingsályktunartillaga 148. löggjafarþing 2017–2018.)  
<https://www.althingi.is/alttext/erindi/148/148-723.pdf>

#### **B.14 Fjármagn til nýsköpunar**

Þessum tillögum er fagnað. BÍ benda á möguleika þess að nýta Framleiðnisjóð landbúnaðarins við framgang þessara verkefna og hvetja stjórnvöld til að skoða sérstaklega hvernig mætti nýta sjóðinn til verkefna í byggðamálum.

#### **B.17 Bújarðir í eigu ríkisins**

Afar jákvæðar tillögur sem BÍ telja að þurfi að komast í framkvæmd sem fyrst. Búnaðarþing 2016 ályktaði sérstaklega um málið.

#### **C.3 Stuðningur við einstaklinga – námslán**

Þessum tillögum er fagnað. BÍ benda einnig á að fleiri möguleikar eru til þess að ívilna þeim sem hafa fasta búsetu í dreifðum byggðum. Það er lykilatriði í þessu að þeir íbúar dreifðu byggðanna sem hafa fasta búsetu fái metið það framlag sem þeir leggja til samfélagsins eins og þeir eiga skilið.

Bent er á skýrslu starfshóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hér:

<https://www.stjornarradid.is/.../161021-Skyrsla-um-innvidi-og-busetu-i-sveitum.pdf>

Lagt er til að skýrsla þessi verði tekin til skoðunar og farið yfir hvort þær tillögur sem þar eru geti ekki fallið að verkefnum þessa kafla.

#### **C.9 Náttúruvernd og efling byggða**

Tekið er undir að þarna séu heimamenn framkvæmdaaðilar og leggja BÍ áherslu á sjálfsákvörðunar rétt sveitarfélaga í þessum efnum.

Bændasamtökin eru reiðubúin að koma fyrir nefndina til að ræða málið frekar ef óskað er.

F.h. BÍ

**Sigurður Eypórsson**